

Fundur nr. 30 kjörtímabilið 2022-2026

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 15. maí 2024 í félagsheimilinu Miklagarði kl 14:00.

Mætt til fundar: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, oddviti, Sigurður Grétar Sigurðsson, Jenný Heiða Hallgrímsdóttir, Bobana Micanovic, Bjartur Aðalbjörnsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Krístrún Ósk Pálsdóttir.

Einnig sat fundinn Íris Edda Jónsdóttir, verkefnastjóri stjórnsýslu sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar var leitað afbrigða með því að bæta inn erindinu „Tilnefning í stjórn SSA“.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Erindi:

a. Ársreikningur 2023 – seinni umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.587 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.076 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 56,3 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 70,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2023 nam 971 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 1 millj. kr.

Eins og komið hefur fram í ársreikningum undanfarinna ára þá duga framlög ríkisins ekki fyrir rekstri hjúkrunarheimilisins og hefur sveitarfélagið þurft að greiða töluvert með rekstrinum.

Heildarskuldir og skuldbindingar námu 1.058 millj. kr. í árslok 2023 fyrir A og B hluta.

Ársreikningurinn í heild sinni verður að öðru leyti aðgengilegur á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps.

Engin lántaka var hjá sveitarfélaginu á árinu 2023 og er skuldastaða sveitarfélagsins góð og vel innan viðmiðunarmarka.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir framlagðan samstæðureikning Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2023 við síðari umræðu, en fyrri umræða um hann fór fram 18. apríl sl.**

Til máls tóku Bjartur Aðalbjörnsson, Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Björn Heiðar Sigurbjörnsson.

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

b. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024

Fram lagður viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024.

Viðaukinn er vegna auka framlags til Minjasafnsins á Bustarfelli um 1 millj. kr. og til fjárfestinga vegna félagsmiðstöðvar um 1,5 millj. kr en á móti er kostnaðarlækkun á handbæru fé um sömu upphæð.

Viðauki 1 hefur þau áhrif á rekstur að rekstrarniðurstaða lækkar um 1 millj. kr. og fer úr 135,4 millj. kr. í 134,4 millj. kr. Viðauki 1 hefur þau áhrif á sjóðstreymi að handbært fé lækkar um 2,5 millj. kr. vegna rekstrargjalda að fjárhæð 1 millj. kr. og aukningar í fjárfestingu eignasjóðs að fjárhæð 1,5 millj. kr. Handbært fé fer úr 57,0 millj. kr. í 54,5 millj. kr.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir fyrirbyggjandi viðauka við fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2024.**

Til máls tók Bjartur Aðalbjörnsson.

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

c. Reglur um netaveiði í sjó, til samþykktar

Fyrir liggja reglur til samþykktar, um netaveiði í sjó fyrir landi Vopnafjarðarhrepps, ásamt minnisblaði frá lögfræðistofunni Magna Lögmennt. Málið var kynnt fyrir hreppsráði á 27. fundi 2. maí s.l..

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir reglur um netaveiði í sjó fyrir landi Vopnafjarðarhrepps og óskar eftir að þær verði birtar á heimasíðu hreppsins og taki gildi 20. júní næstkomandi.**

Oddviti leggur fram eftirfarandi breytingartillögu:

5. Gr. - sem snýr að takmörkun á veiði, verði breytt í "Á veiðisvæði fyrir landi Vopnafjarðarhrepps er veiði bönnuð á tímabilinu frá 20. júní - 20. ágúst ár hvert."

Til máls tók Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Bjartur Aðalbjörnsson.

Bjartur Aðalbjörnsson leggur fram eftirfarandi breytingartillögu:

4. grein – sem snýr að 5000 króna gjaldtöku vegna heimildar til netaveiði í sjó – verði felld út.

Til máls tóku Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Krístrún Ósk Pálsdóttir, Bjartur Aðalbjörnsson og Björn Heiðar Sigmundsson.

Tillagan með breytingum er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Óskað var eftir fundarhléi kl. 14:29. Samþykkt samhljóða.
Fundur hefst aftur kl. 14:34.

Til máls tók Björn Heiðar Sigurbjörnsson.

d. Sérreglur vegna byggðakvóta

Beiðni um endurskoðaða afstöðu Matvælaráðuneytisins varðandi sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023/2024 samkvæmt meðfylgjandi bréfi til ráðuneytisins dagsett 20. apríl 2024.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn staðfestir efni bréfs og framlagða beiðni um sérreglur 852/2023 um byggðakvóta.**

Bjartur Aðalbjörnsson leggur fram eftirfarandi breytingartillögu:

Við tillöguna bætist:

Verkefnastjóra er falið að ítreka erindið við Matvælaráðuneytið.

Tillagan með breytingu er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

e. Frístundastyrkir barna á Vopnafirði, til samþykktar

Fyrir liggja uppfærðar reglur um frístundastyrki barna á Vopnafirði.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir reglur um frístundastyrk barna á Vopnafirði.**

Til máls tók Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Björn Heiðar Sigurbjörnsson.

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

f. Erindi frá fjölskylduráði: Samantekt um framtíðarsýn í þjónustu við eldri borgara á Vopnafirði

Fyrir liggur minnisblað þarfagreiningar eldri borgara frá fjölskylduráði.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps tekur vel í erindið og felur starfsmanni sem og formanni fjölskylduráðs að vinna málið áfram.**

Til máls tók Bjartur Aðalbjörnsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Krístrún Ósk Pálsdóttir.

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

g. Erindi frá fjölskylduráði: Minnisblað um sundnámskeið barna fædd 2017-2018, til kynningar
Lagt fram til kynningar.

Til máls tók Bjartur Aðalbjörnsson.

h. Erindi frá umhverfis- og framkvæmdaráði: Landbætur í Selárdal.

Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna tilkynningar til ákvörðunar á matsskyldu framkvæmdarinnar. Mál nr. 502/2024.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir umsögn vegna tilkynningar til ákvörðunar um umhverfismat.**

Til máls tók Bjartur Aðalbjörnsson og Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir.

Tillagan borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Óskað er eftir fundarhléi kl. 14:57.

Fundur hefst aftur kl. 15:03.

i. Erindi frá umhverfis- og framkvæmdaráði: Krossavík umsókn um landsskipti merkjalýsing

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir stofnun lóðar Krossavíkur 3.**

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

j. Starfsmannamál

Óskað er eftir fundarhléi kl.15:06.

Fundur hefst aftur kl.15:46.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn samþykkir að ráða Valdimar O. Hermannsson sem sveitarstjóra og felur oddvita að leggja ráðningarsamning fyrir sveitarstjórn.**

Til máls tók Bjartur Aðalbjörnsson.

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt með 4 atkvæðum. Bjartur Aðalbjörnsson og Björn Heiðar Sigurbjörnsson sitja hjá og Krístrún Ósk Pálsdóttir greiðir atkvæði á móti.

k. Tilnefning í stjórn SSA

Samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) óskar eftir tilnefningum í stjórnarsamtakanna.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum: **Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps tilnefnir Axel Örn Sveinbjörnsson sem aðalman og Aðalbjörgu Ósk Sigmundsdóttur sem varamann.**

Tillagan er borin upp til samþykktar. Samþykkt með 4 atkvæðum. Bjartur Aðalbjörnsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Krístrún Ósk Pálsdóttir sitja hjá.

Fundargerðir til staðfestingar

- a. Hreppsráð fundur nr. 26 190424
- b. Hreppsráð fundur nr. 27 020524

Til máls tók Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Bjartur Aðalbjörnsson og Krístrún Ósk Pálsdóttir.

- c. Menningar- og atvinnumálanefnd fundur nr. 20 150524
- d. Umhverfis- og framkvæmdaráð nr. 17 080524

Til máls tók Krístrún Ósk Pálsdóttir.

- e. Fjölskylduráð Nr. 21 070524
- f. SSA Nr. 19 220324
- g. Austurbrú 147. stjórnarfundur 220324

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:23.